# Fréttapíp

Fréttarit Félags pípulagningameistara

Nr. 3 DESEMBER - 2014




*Guðmundur Páll, formaður Félags pípulagningameistara, afhendir Danieli Gunnarssyni viðurkenningu fyrir besta námsárangurinn.*



*Fríður hópur sveina í pípulögnum, sem fengu Sveinsbréfin sín afhent 26. september s.l.*

# Mjög mikil eftirspurn eftir faglærðum pípulagningamönnum

Það er við hæfi að hefja mál á horfum á komandi ári með tilliti til verkefna og framboði á vinnuafli í okkar iðngrein. Eins og horfir á markaðinum í dag þá er ástandið okkur afar hagstætt, nóg er af verkefnum hjá okkar félagsmönnum og útlitið gott fyrir næstu misseri. Útselda vinnan er að hækka og einnig einingaverðin, þótt eflaust þyki sumum hægt ganga í þeim efnum.

## Góð staða kallar á aukna árvekni

Þessi góða staða hefur líka ákveðin vandamál í för með sér. Menn eru að upplifa það að þurfa að vísa frá sér verkefnum vegna manneklu.

– SJÁ FRAMHALD Á BLS. 3

## Ríflega helmingur félaga í Félagi pípulagningameistara komnir með Gæðastjórnunarkerfi

Nú um áramótin rennur út frestur löggiltra iðnmeistara til að innleiða hjá sér Gæðastjórnunarkerfi skv. Mannvirkjalögum. Lögin kveða á um að iðnmeistarar, hönnuðir og byggingastjórar sem hyggjast standa fyrir, eða koma að framkvæmdum við leyfisskyld mannvirki frá og með 2015, þurfi að uppfylla kröfur um Gæðastjórnunarkerfi samkvæmt Byggingareglugerð.

Eins og fram kom í síðasta Fréttapípi, þá lét Félag pípulagningameistara hanna sérstakt Gæðastjórnunarkerfi fyrir félagsmenn sína. Kerfið er uppsett af Gunnari Jónatanssyni, verkfræðingi. Vottunar- og úttektaraðili á Gæðastjórnunarkerfinu er Frumherji, skoðunarstofa.

Könnun sem gerð var nýverið meðal félagsmanna í Félagi pípulagningameistara leiddi í ljós að ríflega helmingur félagsmanna hefur innleitt Gæðastjórnunarkerfi í sínum rekstri. Vill stjórn FP hvetja þá félagsmenn sem enn hafa ekki innleitt hjá sér Gæðastjórnunarkerfið að gera það hið allra fyrsta enda á ferðinni mikið hagsmunamál stéttarinnar.

Þeim félagsmönnum sem enn eiga eftir að innleiða hjá sér kerfið er bent á að hafa samband við skrifstofu félagsins í síma 552 9744 eða senda fyrirspurn á piparinn@piparinn.is. Einnig er hægt að hafa beint samband við Gunnar Jónatansson, verkfræðing, síma 664 6550 og panta námskeið.




*Guðmundur Páll, formaður Félags pípulagningameistara, ávarpar gesti við afhendingu Sveinsbréfa.*






# MIKIÐ AÐ GERAST Í FÉLAGSLÍFINU: Jólafundur Félags pípulagningameistara – Jólahlaðborð hjá Ísleifi Jónssyni & Jólamatur hjá Lagnalagernum

Það er ekki alltaf tekið út með sældinni að vera pípulagningameistari þegar jólin nálgast. Bókstaflega allt á hvolfi í verkefnum, allir þurfa að fá þjónustu fyrir sig áður en jólin ganga í garð. Svo eiga flestir píparar náttúrlega sína fjölskyldu og vitanlega þarf að sinna hennar þörfum á þessum árstíma eins og öðrum. Síðast en ekki síst er það svo félagslífið. Það er oft með fjörugasta móti frá seinnihluta nóvember og framundir jól. Þetta árið var engin undantekning frá árunum á undan, nema síður væri.

JÓLAFUNDUR FÉLAGS PÍPULAGNINGAMEISTARA

Fjörið byrjaði með hefðbundnum Jólafundi félagsins þann 29. nóvember og var hann haldinn í sal Ferðafélags Íslands í Mörkinni. Að venju hófst fundurinn með félagsfundi kl. 18:00. Að honum loknum um kl. 19:00 bættust makarnir í hópinn. Girnilegt hlaðborð beið gesta og gladdi munn og maga. Þorsteinn Guðmundsson, uppistandari, kom og fór hreinlega á kostum. Síðan lék hljómsveit hússins fyrir dansi fram eftir nóttu. Var það mál manna að Jólafundurinn hefði tekist einstaklega vel að þessu sinni.

ÍSLEIFUR JÓNSSON MEÐ JÓLHLAÐBORÐ

Þann 5. desember var boðið í Jólahlaðborð hjá Ísleifi Jónssyni ehf. Meðal girnilegra rétta á hlaðborðinu má nefna Sænska Jólaskinku og Hamborgarahrygg með tilheyrandi meðlæti. Eins og við var að búast létu píparar sig ekki vanta í gleðskapinn og reiknað er með að hátt í 300 manns hafi lagt leið sína til Ísleifs og voru allir ánægðir með framtakið .

JÓLAMATUR HJÁ LAGNALAGERNUM

Það var aldeilis handagangur í öskjunni í verslun Lagnalagersins ehf. á Fosshálsinum í hádeginu föstudaginn 12. desember.

Þangað streymdu píparar í löngum bunum og þáðu dýrindis jólamat í boði fyrirtækisins. Á fjórða hundrað pípara gæddu sér á hangikjöti með viðeigandi meðlæti og skoluðu matnum niður með léttum miði. Undir borðhaldi spilaði svo og söng Pálmi Sigurhjartarson skemmtileg jólalög.

Við látum meðfylgjandi myndir segja sitt um stemmninguna í þessum skemmtilegu viðburðum í félagslífi pípulagningamanna.



# Mjög mikil efti[r] lærðum pípula[g]...

FRAMHALD AF FORSÍÐU...

Hvernig verður þá staðan á næsta ári þegar mörg stór verkefni eru komin í fullan gang til viðbótar því sem nú er fyrir hendi? Hvernig ætla menn að bregðast við stöðu sem þessari? Eru menn að hugsa sér að fylla upp í þörfina með erlendu vinnuafli? Eða verður raunin sú að iðnaðarmenn verða yfirboðnir í verðum og færa sig því inn í þessi stóru verkefni?

Hvað með minni verkefni? Munu þau einfaldlega frestast um óákveðinn tíma meðan bylgjan gengur yfir? Verða þau unnin 2016 eða 2017?

Við í Félagi pípulagningameistara og aðrir meistarar verðum auðvitað strax að axla okkar ábyrgð og bregðast við á okkar hátt.

## Nauðsynlegt að fjölga nemum

Við bregðumst best við ástandinu með því einfaldlega að fjölga strax nemum í pípulögnum. Margir félagsmenn okkar eru mjög duglegir að sinna málefnum nema og sjá sér hag í því að vera með þá í starfsþálfun og vinnu og stuðla þannig að eðlilegum framgangi stéttarinnar.

Það er ekki síst mikilvægt að fjölga í stéttinni þegar verkefni gefast. Reynslan hefur jú sýnt það að annars mun fjölga verulega í hópi erlends vinnuafls hérlendis. Reynslan hefur líka sýnt að slík aukning erlends vinnuafls táknar einungis eitt: lækkun á



Félag pípulagningameistara er í góðu samstarfi við forráðamenn Iðnskólans í Hafnarfirði enda stór kennsludeild í pípulögnum við skólann.
Nú eru þar við nám um 40-45 nemar í pípulögnum, þar af eru 25 nýnemar sem eru að hefja nám. En betur má ef duga skal og nauðsynlegt að fjölga nemum verulega til að svara kalli markaðarins.
Á stóru myndinni að ofan er nýji „sandkassinn“ þar sem nemarnir læra allt um lagnir utanhúss, svo sem holræsalagnir. Þessi nýja útiaðstaða hefur gjörbreytt möguleikum varðandi kennslu í lagnakerfum utanhúss.




Danfoss tengigrindur
Fyrir neysluvatns-, ofnhita-, gólfhita-, snjóbræðslukerfi, setlaugar og fl.
Sérhannaðar fyrir íslenskar aðstæður.
Áratuga reynsla stjórnbúnaðar við íslenskar hitaveituaðstæður.
Við erum leiðandi í hönnun og framleiðslu á stjórnbúnaði og tengigrindum fyrir hitakerfi.
Danfoss hf. • Skútuvogi 6 • 104 Reykjavík • Sími 510 4100 • www.danfoss.is



Samein[aði]
lífeyrissjó[ður]
Sundagörðum 2 / 104 Reykjavík /

# rspurn eftir fag-
# gningamönnum

einingaverðum og launakjörum okkar manna. Nú eru um 40-45 nemar í pípulögnum og þar af 25 nýnemar sem eru að byrja á að læra fagið. Í undirbúningi er að Félag pípulagningameistara og Iðnskólinn í Hafnarfirði hefji samstarf á nýju ári, 2015, um framgang nema í pípulögnum. Fyrirkomulagið verður með þeim hætti, að nemar sem ljúka námi í fyrstu önn á viðeigandi hátt; mæta vel og og sinna náminu af áhuga, þeim verður tryggð sumarvinna hjá okkar félagsmönnum. Væntir félagið góðs samstarfs við félagsmenn um þetta mikilvæga hagsmunamál.

## Fáum Noregsfarana aftur heim

Ekki má svo gleyma að minnast á þá fagmenn, bæði meistara og sveina, sem fóru til Noregs. Horfur eru á því að laun hérlendis séu óðum að nálgast þau viðmiðunarmörk sem við heyrðum af í samtölum okkar við nokkra fagmenn þar ytra í vor. Ég hef heyrt frá mörgum félagsmönnum okkar hér sem eru að greiða laun á þessu bili. Nú er kominn tími til að snúa blaðinu við og fá þá heim.

*Að lokum vil ég þakka félagsmönnum gott samstarf á árinu sem er að líða. Um leið óska ég þeim og fjölskyldum þeirra Gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.*

Félag pípulagningameistara,
*Guðmundur Páll Ólafsson,*
formaður.

# Stjórn Félags pípulagningameistara starfsárið 2014-2015



*Á síðasta aðalfundi Félags pípulagningameistara sem haldin var í Reykjanesbæ voru eftirtaldir meistarar kjörnir í stjórn félagsins fyrir starfsárið 2014-2015, talið frá vinstri: Trausti Guðjónsson, gjaldkeri, Böðvar Ingi Guðbjartsson, ritari, Guðmundur Páll Ólafsson, formaður, Kjartan Jónsson, stjórnarmaður, Hjörleifur Björnsson, varaformaður.*
*Á myndina vantar Jón Orra Magnússon, varamann.*






*Til hægri: Böðvar Ingi, pípulagningameistari og kennari í pípulögnum við Iðnskólann í Hafnarfirði.*















# Gleðileg jól og farsælt komandi ár – Tryggjum fagmennsku og löggildingu í byggingariðnaði

**Landslagnir** ehf.
Lautarvegur 30 - 103 Reykjavík – GSM 897 4746
og GSM 896 2908 - landslagnir@simnet.is
Landslagnir pípulagnir

**AH pípulagnir** ehf.
Suðurhrauni 12c - 210 Garðabæ
Sími 555 7012 - GSM. 822 7100
andres@pipulagnir.is
AH PÍPULAGNIR

**Árni Friðbjarnason** ehf.
Pípulagningameistari
Smiðjuvegi 4
200 Kópavogi
GSM. 893 0938

**króm og hvítt**
Króm og Hvítt ehf. - Álaleyru 7 - 780 Höfn
Sími 478 2099 - GSM. 861 0291
kromoghvitt@simnet.is

**Bragi Benediktsson ehf.**
pípulagnir
Bragi Benediktsson ehf. - Akurhvarf 6 - 203 Kópavogur
GSM. 660 3863 - bbpipur@gmail.com

**Pípulagnir**
**Elvars G Kristinssonar** ehf.
Jöklafold 2 - 112 Reykjavík
GSM. 892 9421 - ellipip@simnet.is

**HÚSA LAGNIR**
PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
**Húsalagnir** ehf.
Pípulagningaþjónusta
Gylfaflöt 20 - 112 Reykjavík
GSM. 893 3632
husalagnir@simnet.is

**TOPPLAGNIR**
Topplagnir ehf. - Gvendargeisli 68 - 113 Reykjavík
GSM.698 8412 - topplagnir@internet.is

**GG LAGNIR** ehf
PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
Dugguvogi 1b - 104 Reykjavík - Sími 517 8870
www.gglagnir.is - gglagnir@gglagnir.is

**STOFNLAGNIR**
PÍPULAGNAÞJÓNUSTA
Stofnlagnir ehf. - Viðarrima 19 - 112 Reykjavík
GSM. 660 0499 - WC@islandia.is

**Tröllalagnir** ehf.
Jón Auðunn Sigurjónsson
pípulagningameistari
Auðnukór 3 – 203 Kópavogur
GSM: 896 9418 - jon.sig@mi.is

Öll alhliða pípulagningarþjónusta
SHV
Fagmennska í fyrirrúmi
PÍPULAGNIR
**SHV Pípulagnir** ehf.
Funafold 54 - 112 Reykjavík
Sími: 587 8715
GSM: 821 1040
shv.pipulagnir@internet.is

**Borgarlagnir** ehf.
Gylfaflöt 24 - 112 Reykjavík
GSM. 892 7558 - borgarlagnir@simnet.is
Borgarlagnir ehf

**Lagnalist** ehf.
Skógarási 6 - 110 Reykjavík - GSM. 898 4780
lagnalist@gmail.com

**FLÆÐI**
Pípulagnir ehf.
MAGNÚS Á. MAGNÚSSON
PÍPULAGNINGAMEISTARI
**Flæði** pípulaginir ehf.
Svæði - 620 Dalvík
466 1401 / 898 5524
maggisvaedi@simnet.is

**S.O.S** lagnir ehf.
S.Ó.S. lagnir ehf.
Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík
GSM. 693 9000 - sos@soslagnir.is

**Pípulagnir Arinbjarnar**
Þrymsölum 1 - 201 Kópavogur
GSM. 897 5599 - 203 Kópavogur
a.snorra@gmail.com

B.Markan ehf. Pípulagnir
*Gleðileg jól og farsælt komandi ár!*
Kvíslartungu 42 - 270 Mosfellsbæ
GSM: 660 6690 - lagnir@bmarkan.is

**SUÐURLAGNIR** ehf.
Pípulagningaverktaki
GSM. 770 0818 - sudurlagnir@gmail.com
*Við leggjum leiðina*

**JM pípulagnir** ehf.
Blásalir 24 - 201 Kópavogur
GSM. 898 0851 - groakors@simnet.is

**HSH VERKTAKAR** ehf.
Sunnuhlíð 12 – 603 Akureyri
GSM: 896 3257 – hallihelga@simnet.is

**MIÐSTÖÐIN**
Miðstöðin Vestmannaeyjum ehf.
Strandvegi 30 - 900 Vestmannaeyjar - Sími 481 1475
midstodin@midstodin.is

**RENNSLI** ehf.
pípulagnir • sími 696 8054
Holtsbúð 52 - 210 Garðabær
GSM: 696 8054 - rennsli@simnet.is

**Pm Pípulagninga meistarinn**
Skemmuvegur 44 – 200 Kópavogur
GSM: 892 4960 – msk@simnet.is

**Vatn** ehf.
Eyjólfur Valsson, pípulagningameistari
Skólagerði 40 – 200 Kópavogur
GSM: 898 4611 – eyjolfur3@simnet.is

**NESLAGNIR ehf**
Pípulagnaþjónusta
Bergási 12 – 260 Reykjanesbæ
GSM: 698 6309 – neslagnir@internet.is

Fluguvöllum 52 - 230 Reykjanesbæ
Sími 420 0300
www.osn.is - osn@osn.is
**O.S.N.** EHF

